

Íþróttir á skólatíma í grunnskólum Reykjanesbæjar

Tillaga með áherslu á vellíðan, þátttöku og samþættingu náms

Tillaga þessi er lögð fram í framhaldi af samtali um mikilvægi vellíðanar nemenda og möguleika á aukinni samþættingu náms og hreyfingar á skólatíma. Í kjölfar þeirrar umræðu hafa þrír grunnskólar í Reykjanesbæ lýst yfir áhuga á að skoða verkefnið nánar og taka þátt í mótun þess á tilraunastigi.

Markmið tillögunnar er að leggja fram sameiginlegan ramma fyrir áframhaldandi vinnu, þar sem menntasvið og áhugasamir skólar vinna saman að þróun útfærslna hvers skóla í samræmi við gildandi lög og menntastefnu sveitarfélagsins.

Tilgangur og áherslur

Vellíðan nemenda er grundvöllur náms, félagsþroska og heilsu. Tillaga þessi felur í sér að nemendum í grunnskólum Reykjanesbæjar verði **boðið að taka þátt í valkvæðum íþróttum á skólatíma**, með skýrum áherslum á:

- vellíðan og gleði,
- þátttöku sem flestra nemenda,
- samþættingu náms í anda grunnskólalaga og menntastefnu Reykjanesbæjar.

Tillagan er hugsuð sem **raunhæf útfærsla á gildandi stefnu** en felur ekki í sér nýja stefnumótun.

Lög um grunnskóla og samþætting náms

Samkvæmt **1. mgr. 25. gr. grunnskólalaga** er gert ráð fyrir að nám sé sem heildstæðast og að *hver grunnskóli ákveði hvort námsgreinar og námssvið eru kennd aðgreind eða samþætt*.

Íþróttir og hreyfing geta þannig verið hluti af samþættri kennslu. Með slíkri nálgun er unnið að markmiðum sem tengjast vellíðan og heilsuefningu, félagsfærni og samvinnu, auk lífsleikni og sjálfsmyndar.

Nánari lýsing

Kjarni hugmyndarinnar

- Nemendum er **boðið**, en ekki gert skylt, að taka þátt.
- Þátttaka er **valkvæð** og byggir á áhuga nemenda.
- Nemendur velja þá íþrótt eða hreyfingu sem hentar þeim.
- Áhersla er á **vellíðan og þátttöku**.

Markmiðið er að ná til breiðs hóps nemenda, bæði þeirra sem þegar eru að stunda íþróttir utan skólatíma og þeirra sem taka ekki þátt í skipulögðu íþróttastarfi.

Aldurshópar

- **Yngri nemendur (1.–5. bekkur):** leikur, grunnfærni, gleði og samvinna, mögulegt samstarf við íþróttafélög.
- **Eldri nemendur (6–10. bekkur):** valáfangar með áherslu á fjölbreyttar greinar og mögulegt samstarf við íþróttafélög.

Tengsl við Menntastefnu Reykjanesbæjar 2021–2030

Meginmarkmið menntastefnunnar er að skapa öllum börnum og ungmennum í Reykjanesbæ öruggt og hvetjandi umhverfi þannig að þeim líði vel, þau hafi tækifæri til að rækta hæfileika sína og blómstra með opnum hug og gleði í hjarta.

Tillagan er í samræmi við menntastefnuna *Með opnum hug og gleði í hjarta* og styður sérstaklega:

- **Börnin mikilvægust:** vellíðan barna í forgrunni, efla færni, uppgötva styrkleika
 - ... skapa aðstæður þar sem þau fá tækifæri til að vaxa og þroskast í öruggu og hvetjandi umhverfi. ... áhersla á að leiðbeina hverju barni *og styðja svo það uppgötvu styrkleika sína, efla færni* og öðlist jákvæða sýn á lífið og viðhafi heilbrigðan lífstíl ...
- **Kraftur fjölbreytileikans:** styrkleiki hvers barns fái að njóta sín.
 - ...skapa umhverfi þar sem *styrkleikar barna fái að njóta sín.*
 - Til að skapa slíkt umhverfi þarf fagfólk að koma auga á þær auðlindir sem börn bera með sér, reynslu þeirra, þekkingu og áhuga á sama tíma og það ígrundar á gagnrýninn hátt starfshætti sína og viðhorf.
- **Faglegt menntasamfélag:** samstarf og þróun starfshátta
 - Í virku menntasamfélagi vinnum við saman, styðjum hvert annað og *leitum sameiginlegra leiða til að greina áherslur og starfshætti* og innleiða nýja sem stuðla að aukinni hæfni og bættum árangri.
 - Í styðjandi umhverfi gefst okkur tækifæri til að þróa þekkingu, viðhorf gildi og reynslu á jákvæðan hátt með það fyrir augum að efla fagmennsku í starfi með börnum og ungmennum. *Þannig má auka gæði náms, kennslu og þjálfunar* til að ná sífellt betri árangri í samræmi við breyttar áherslur á hverjum tíma.
- **Mér líður vel:** hreyfing, gleði og heilsuefning
 - *Vellíðan er grundvöllur þess að börnum farnist vel*, þau séu virk, tileinki sér nám og öðlist hæfni sjálfum sér og öðrum til heilla.
 - Jákvæð athygli, virk hlustun og hvatning.
 - Sterk sjálfsmynd – sterkast forvörnin gegn áhættuhegðun.
 - Heilsuefandi áherslur, styðja við líkamlega, andlega og félagslega heilsu.
- **Allir með:** félagsfærni, samvinna og þátttaka.
 - Samvinna í hópum og þjálfun í að vinna með öðrum að sameiginlegu markmiði styrkir eiginleikann að taka tillit til annarra, skiptast á skoðunum og taka sameiginlegar ákvarðanir.
- **Sköpunargleði:** forvitni og athafnaþrá

- o Sköpun á að birtast í fjölbreyttu samhengi, *skipulagi og starfsháttum* allra sem sinna menntun og uppeldi.

Fyrirmyndir

Hugmyndin á sér samsvörun í skipulagi danskra sveitarfélaga, t.d. í Aalborg, Frederikshavn og Hjørring, þar sem íþróttir eru samþættar skólastarfi með áherslu á vellíðan og sveigjanleika.

Næstu skref

1. Skipun vinnuhóps á vegum menntasviðs til að halda utan um framhald verkefnisins.
2. Tilraunaverkefni í einum eða tveimur skólum.
3. Mat á þátttöku og vellíðan nemenda.
4. Ákvörðun um framhald á grundvelli reynslu.

Tímaferli

Tímaferlið er sett fram sem viðmið og tillaga að þróunarferli: Menntaráð leggur áherslu á fyrsta hluta ferlisins þar sem menntasvið og þeir skólar sem hafa lýst yfir áhuga á þátttöku í ferlinu koma með tillögur að útfærslum innan skólanna

- Febrúar: Tillagan skoðuð nánar af starfsmönnum menntasviðs og þeirra skóla sem hafa lýst yfir áhuga á að taka þátt í þessu ferli.
- Febrúar – apríl: tilraunir að hluta innan skólanna með samþættingu náms tengdar íþróttum
- Mars: Staða og tillögur í mótun kynnt á fundi menntaráðs af fulltrúum vinnuhópsins.
- Apríl: Lokadrög með tillögum og áætlun kynnt á fundi menntaráðs, þar á meðal hvort skólar sem taki þátt ætli að reyna mismunandi útfærslu, einnig áætlun um skipulega nálgun þegar skólar byrji í haust.

Menntasvið haldi utan um stöðu verkefnisins á hverjum tíma, þannig sé reglulegt stöðumat innan skólanna og upplýsingaflæði til menntaráðs um hvernig gangi. Gert er ráð fyrir að verkefnið sé í stöðugri þróun þrátt fyrir að á tímabilum geti verið fáir þátttakendur í hverjum skóla. Hér er tillaga að tímasetningum en aðalatriðið er að verkefnið sé hugsað til lengri tíma og sé stöðugt endurmetið.

- Ágúst 2026: Kynning á verkefninu á fræðsludegi skólanna
- Ágúst -september 2026: áframhaldandi tilraunir hefjast með útfærslu skólanna.
- Skólaárið 2027-2028: Vinnuhópur, hittist mánaðarlega og kynni menntaráði hvernig verkefnið gangi í nóvember 2026 og í febrúar 2027.
- Skólaárið 2028- 2029: skólarnir tilnefni fulltrúa til þess að vera í reglulegu samstarfi skólanna innan Reykjanesbæjar.

Samantekt

Markmið: Efla vellíðan nemenda og auka þátttöku í hreyfingu með valkvæðum íþróttum á skólatíma.

Lagastoð: 25. gr. grunnskólalaga – samþætting kennsluheimilda.

Stefnumótun: Bein útfærsla á Menntastefnu Reykjanesbæjar 2021–2030.

Lykilatriði: - Valfrjáls þátttaka. - Áhersla á vellíðan, ekki afrek. - Fjölbreyttar íþróttir og hreyfing. - Tilraunaverkefni sem fyrsta skref.

- Þetta er útfærsla á gildandi menntastefnu, ekki ný stefna.
- Lög veita skýra heimild til samþættingar náms.
- Vellíðan er forsenda náms og forvarna.
- Valfrjáls þátttaka tryggir að þetta nái til fleiri barna.
- Hægt að byrja smátt og meta árangur.

Annað

Er þetta ekki á kostnað bóknáms?

Nei, þetta er samþætting náms sem styður einbeitingu, líðan og þar með námsárangur.

Er þetta ekki bara íþróttakennsla í nýjum búningi?

Nei, áherslan er á breiða þátttöku, vellíðan og val nemenda, ekki hefðbundna íþróttakennslu.

Hvað með nemendur sem vilja ekki taka þátt?

Þátttaka er valkvæð og önnur samþætt verkefni geta staðið þeim til boða.

Hvað með kostnað og mannafla?

Tillagan gerir ráð fyrir tilraunaverkefni innan núverandi ramma og hugsanlega í samstarfi við íþróttafélög.

Af hverju á skólinn að sinna þessu en ekki frístundastarf?

Vegna þess að markmiðið er vellíðan allra barna og jöfn tækifæri óháð aðstæðum utan skóla.

Halldór Rósmundur Guðjónsson